

Frumvarp til laga

um breytingu á starfsheiti landslagshönnuða.

(Eftir 2. umr., 16. febr.)

Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. 5. tölul. orðast svo: húsgagna- og innanhússarkitekta.
- b. 7. tölul. orðast svo: landslagsarkitekta (landslagshönnuða) og.

Breyting á lögum nr. 73/1997, skipulags- og byggingarlögum.

2. gr.

Í stað orðanna „innanhússhönnuðir eða landslagshönnuðir“ í 2. mgr. 48. gr. laganna kemur: innanhússarkitektar eða landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

3. gr.

Í stað orðanna „Innanhússhönnuðir og landslagshönnuðir“ í 4. mgr. 49. gr. laganna kemur: Innanhússarkitektar og landslagsarkitektar (landslagshönnuðir).

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.